



Varðandi: Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024
Málsnúmer: 2401211
Dagsetning: 29. apríl 2025

Samantekt

Unnið hefur verið að undirbúningi útboðs vegna akstursþjónustu frá því í desember 2024.

Bæjarstjórn samþykkti tilboð frá Consensa sem gerði ráð fyrir kr. 1.374.000 án vsk. Með vsk. Kr. 1.704.582. Í maí hafa verið greiddir reikningar upp á kr. 1.669.661 og útboðið sjálft ekki verið sent út. Verksali hefur verið inntur eftir mati á viðbótarkostnaði, sem borinn verður undir bæjarráð.

Upplýsingar frá Consensa 6. maí 20205

Í flestum tilfellum fer 80% af vinnunni í undirbúning og vinnu við gerð útboðsgagna. Hin 20% tengjast því að útboðið sé sett í birtingarferli, unnið sé við fyrirspurnir á tilboðstíma og loks er það mat á tilboðum, tilkynningar til bjóðenda og TED.

Kílómetraverð og akstursleiðir

- Áætlaður fjöldi kílómetra á ári í dagdvöl er: 6-10 þús. km., en miðað við eðli dagdvalaraksturs er heppilegt að miða við ákveðið kílómetragjald.
 - o Það er sama nálgun og var notast var við í Borgarbyggð
- Fjöldi farþega sem fær dagdvalarakstur er á bilinu 30-35, þar af er einn farþegi sem notar hjólastól eða 3% ($1/35 = 0,029$).
- Birgir hjá Consensa segir raunhæft að gera ráð fyrir 1.000- 1.200 kr. á km. í akstri vegna dagdvalar. Óskhyggja sé að áætla lægra gjald á km. í ljósi akstursumfangs á ári, tæplega 10 þús. km.
- Í útboði Borgarbyggðar v. dagdvalaraksturs var tilboðsverð lögstbjóðanda í útboði kr. 795 kr. Hafa verður í huga í slíkum samanburði að heildar akstursumfang í því sveitarfélagi, er um 50 þús. Km., samanborið við tæplega 10 þús. km á Akranesi. Heildarumfang kílómetrafjölda á ári er því ráðandi breyta gagnvart verði á hvern kílómeter.
- Í útboðum fyrir Reykjanesbæ og Borgarbyggð var gert ráð fyrir því að greitt væri álag á akstursgjald vegna farþega í hjólastól, í ljósi aukinnar ábyrgðar þjónustuveitanda. Í útboði fyrir Reykjanesbæ bauð lögstbjóðandi kr. 950 fyrir þá þjónustu, en



Akraneskaupstaður

lægstbjóðandi í Borgarbyggð setti hins vegar núll. Miðað er við kr. 650 í útboði Akraneskaupstaðar.

- Velferðar- og mannréttindaráð og stjórn Höfða vill setja akstur Höfða inn í útboðið:

- Akstur íbúa Höfða: Áætlaður fjöldi farþega xx, þar af einstaklingar í hjólastól xx.
- Fjöldi farþega sem nýtir sér akstursþjónustu fatlaðra (23) og eldra fólks (21) er 44, þar af eru 9 farþegar sem nota hjólastól. Áætlaður fjöldi ferða á ári vegna akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks er: 5.712
 - o Inni í þeirri tölu er einnig tilfallandi akstur sem hefur verið sinnt eftir atvikum af starfsfólki stuðningsþjónustunnar og af Hreyfli.
 - Þeir aðilar sem hafa fengið tilfallandi akstur nota ekki hjólastól.
 - Hlutfall einstaklinga sem nota hjólastól í akstursþjónustunni er 20% ($9/44 = 0,204$).

Akstur á heimsendum mat

Umræða hefur farið fram um hvort heppilegt sé að hafa akstur á heimsendum mat inni í útboðinu. Birgir hjá Consensa taldi það ekki vera skynsamlega nálgun. Á fundi v&m 6. maí kom fram skýr krafa um að **allur akstur á vegum sveitarfélagsins** ætti að vera inni í útboðinu.

Tilgangur útboðs að veita betri þjónustu

Á fundi v&m 6.maí var gerð athugasemd við að ekki væri ávarpað með afgerandi hætti hvernig útboð á akstursþjónustunni myndi bæta aðgengi fatlaðs fólks að akstursþjónustu. Fyrir liggur í dag að reglur sveitarfélagsins gera ekki ráð fyrir að þjónustan sé veitt:

- Utan marka sveitarfélagsins
- Á milli kl. 08:00- 18:00 alla virka daga, ekki um helgar

Það felast tækifæri í því fyrir þjónustuaðila að bjóða upp á rýmri þjónustu, en þá sem nú er veitt af hálfu sveitarfélagsins, sem notendur myndu greiða fyrir skv. Gjaldskrá þjónustuaðila. Ekki liggur þó fyrir afstaða sveitarfélagsins um hvort og þá með hvaða hætti slík þjónusta yrði mögulega niðurgreidd.

Niðurlag

Tölurnar sem notaðar eru hér að ofan eru teknar beint úr kostnaðaráætlun aksturs v. útboðs sem vistað er á sameiginlegu TEAMS svæði teymisins [Kostnaðaráætlun aksturs vegna útboðs.xlsx](#)

Vinna þarf útboðið betur, líkt og gerð hefur verið grein fyrir hér að ofan og leggja fyrir næsta fund v&m, 20.maí, og stjórn Höfða.



Akraneskaupstaður

Hildigunnur Árnadóttir
sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs
hildigunnur@akranes.is

